

Saltfiskur (þurr), 60 aurar fyrir hver 100 kg.
 Saltfiskur (óverkaður), 40 aurar fyrir hver 100 kg.
 Hraðfrystur fiskur, 50 aurar fyrir hver 100 kg.
 Fiskinjöl, 40 aurar fyrir hver 100 kg.
 Frosin síld, 25 aurar fyrir hver 100 kg.
 Olía, 40 aurar fyrir hver 100 kg.

137

30. sept.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febrúar 1943, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. september 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

138

2. okt.

um afnám reglugerðar nr. 75 16. maí 1944, um skömmtnun á kaffibæti.

Reglugerð nr. 75 16. maí 1944, um skömmtnun á kaffibæti, fellur hér með úr gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 2. október 1944.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKT

139

3. okt.

fyrir Vatnsveitufélag Hveragerðis.

1. gr.

Nafn félagsins er: Vatnsveitufélag Hveragerðis.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er í Hveragerði í Árnessýslu og varnarþing þess í Ölfushreppi í sömu sýslu.

3. gr.

Verkefni félagsins er að sjá félagsmönnum fyrir nægu og góðu vatni, til heimilis- og búsparfa, iðnaðar og iðju, án orkunýtingar, með því að leggja vatnsæð um vegi og óbyggð svæði að Hveragerði og um götuæðar um Hveragerði, samkvæmt núverandi skipulagsuppdraetti, halda vatnsveitunni við og annast rekstur hennar.

Vatnsveitufélagið hefur einkasölu á vatni til hverra nota sem er á félagssvæðinu.

4. gr.

Félagssvæðið er landsvæði það, sem merkt er á uppdraetti skipulagsstjórans, dags. 2. október 1944., en landsvæði þetta takmarkast þannig:

Vesturhlið: Geysir—Núpahnúkur að þjóðvegi.